

Stjórnarfundur FASK

26. Fundur 7. Feb 2024 kl 8:30

Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Ágúst Elvarsson, Tinna Rut Sigurðardóttir og Laufey Guðmundsdóttir.

Fundurinn haldinn í húsnæði Glacier Journey - Víkurbraut:

1. Jökulsárlón fyrirhugað uppbygging.

Haukur gerði grein fyrir stöðu mála og fyrirhugað málþing með framkvæmdastjóra VJB, Umhverfiráðherra og FASK sem Sveitarfélagið Hornafjörður er að skipuleggja. Formanni falið að útbúa kynningu í samræmi við allar þær áherslur sem stjórn FASK hefur haft uppi varðandi málið.

2. Umsagnir samráðsgátt - Ferðaþjónusta til 2030 Stefna og Aðgerðaáætlun.

Stjórn FASK er sammála um að senda inn umsögn um eftirfarandi þætti er tengjast fyrstu drögum að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030. Tinnu falið að gera drög að erindi sem síðar verður send inn í samráðsgáttina. Eftirfarandi punktar voru ræddir í tengslum við usögn FASK

Vetrarþjónusta þjóðvegur - Hagnaður í heimabyggð - Vegabætur og stytting vegalengda milli áfangastaða - Fjölgun og öryggi alþjóðaflugvalla - Öryggisáætlanir + áhættumat - Gistináttaskattur verði svæðis skattur e city tax og renni til sveitarfélaganna. Gera raunhæfar áætlanir sem stuðla að orkuskiptum.

3. Önnur mál

Fundi slitið 9:35